



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

OPINBER HEIMSÓKN FORSETA ÍSLANDS OG FORSETAFRÚAR TIL SELTJARNARNESS

Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, og Eliza Reid forsetafrú fara í opinbera heimsókn til Seltjarnarness á morgun, þriðjudaginn 9. apríl, í tilefni af 50 ára afmæli bæjarins. Seltjarnarnes hlaut kaupstaðarréttindi í lok mars 1974.

Heimsóknin hefst klukkan 07:40 í Sundlaug Seltjarnarness þar sem Þór Sigurgeirsson bæjarstjóri tekur á móti forsetahjónum og fara þau í heita pottinn saman ásamt fastagestum laugarinnar. Að því loknu heimsækja forsetahjón bæjarskrifstofur Seltjarnarnesbæjar þar sem þau njóta morgunkaffis með starfsfólki og fá kynningu á uppbyggingu og helstu verkefnum bæjarins um þessar mundir. Þá ávarpar forseti hátíðarfund bæjarstjórnar í tilefni 50 ára afmælisins.

Forsetahjón munu að því loknu heimsækja fjölda stofnana og fyrirtækja á Seltjarnarnesi til að fræðast um bæjarlífið og ræða við íbúa. Byrjað verður í Mýrarhúsaskóla, Valhúsaskóla og leikskólanum Mánabrekku. Lúðrasveit tónlistarskólans leiðir göngu milli lóðanna og við Mánabrekku sameinast leikskólabörn og syngja fyrir forsetahjón og föruneysi.

Því næst heimsækja hjónin nýsköpunarhúsið Innovation House og Vivaldi á Eiðistorgi og fá kynningu á starfsemi ungra frumkvöðla og sprotafyrirtækja sem þar hafa aðstöðu. Þaðan verður gengið yfir á Bókasafn Seltjarnarness og opnuð sýningin „Stiklað á stóru í sögu Seltjarnarness“. Nokkrir Seltirningar segja frá minningum sínum af uppbyggingu bæjarins og forseti ávarpar gesti.

Þegar líður að hádegi verður haldið í skoðunarferð út í Gróttu. Á leiðinni verður Seltjarnarneskirkja heimsótt og komið við í

góðgerðarversluninni Elley auk þess sem numið verður staðar við hitaveituhúsið, hákarlahjallinn og listaverkið Bollastein. Því næst verður fjaran gengin út í Gróttu, náttúran og húsin í eyjunni skoðuð auk þess sem farið verður upp í Gróttuvita. Þá verður hádegisverður snæddur á veitingastaðnum Ráðagerði.

Eftir hádegi heimsækja forsetahjón hjúkrunarheimilið Seltjörn og síðan safnasvæðið þar sem þau skoða verðandi Náttúruhús og Lyfjafræðisafnið. Þá verður Tónlistarskóli Seltjarnarness heimsóttur en þar mun Víkingur Heiðar Ólafsson vígja nýjan konsertflygil sem keyptur var í tilefni af 50 ára afmæli skólans. Forsetahjón heimsækja að því loknu félagsstarf í íbúðakjarna eldri bæjarbúa á Skólabraut og líta loks inn á síðdegisæfingar barna í íþróttahúsinu.

Opinberri heimsókn forsetahjóna til Seltjarnarness lýkur með þátttöku í afmælishátíð sem blásið er til kl. 16:30 fyrir íbúa bæjarins á Eiðistorgi.. Boðið verður upp á afmælistöku og fjöldi tónlistarfólks frá Seltjarnarnesi kemur fram. Má þar nefna Jón Jónsson ásamt ungum tónlistarskólanemum, Bubba Morthens og Jóhann Helgason ásamt Selkórnum auk hjónanna Helga Hrafns og Tinu Dickow. Forseti flytur hátíðarávarp og færir bæjarstjóra gjöf til bæjarins.

8. apríl 2024

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Sif Gunnarsdóttir forsetaritari (664 8249) og Una Sighvatsdóttir, sérfræðingur á skrifstofu forseta (895 8885).